


Nafn: Sigursteinn Róbert Másson. Fæddur: 11. ágúst 1967.
Starf: Nemi við HI og formaður Geðhjálpar. Búseta: Kópavogur.



Maður dagsins

Ánægður með sjúkdóminn

Sigursteinn Másson, formaður Geðhjálpar, stendur í fararbroddi fræðslu um geðsjúkdóma.

Dagana 4. til 10. október er haldið upp á Alþjóðageðheilbrigðisdaginn. „Það er búið að halda þetta í langan tíma og alltaf að stækka,“ segir Sigursteinn um daginn.

„Þetta var fremur lítið í sniðum framan af, en síðustu fjögur árin hefur verið haldið upp á hann með veglegum hætti. Það sem skiptir máli í þessu sem og málaflöknum í heild, er að þjóðin sýni þessu meiri áhuga. Umræðan er miklu opnari núna og það hefur áhrif út í samfélagið. Þannig verða stofnanir og fyrirtæki líka samstíga áhuga almennings á málefnum og koma betur að því en áður.“

Sigursteinn segir að viðhorf almennings hafi breyst til batnaðar í kjölfar aukinnar umræðu. Orðið

hafi mikil vitundarvakning um málefni geðsjúkra og geðheilbrigðismál og mikil breyting hafi orðið á afstöðu fólks. Á sama tíma hafi þó tiltölulega lítil breyting orðið á þjónustu við geðsjúka. Það muni þó breytast mikið á næstu árum.

„Hin hefðbundna, opinbera geðheilbrigðisþjónusta er komin út í horn. Allir sem hugsa málið til enda, þar með talin yfirvöld, gera sér grein fyrir þessu. Stjórnvöld hafa skuldbundið sig gagnvart öðrum stjórnnum í Evrópu með Helsinki-samþykktinni þar sem er gert ráð fyrir allt öðruvísi geðheilbrigðiskerfi en það sem við búum við í dag. Ég trúi ekki að ríkisstjórnin sé að taka þátt í

svona samstarfi upp á punt, heldur til að breyta og bæta kerfið til framtíðar. Geðhjálpar stendur með stjórnvöldum að stefnumótun á þessu sviði og við munum halda því áfram svo lengi sem unnið er að þessu af heilum hug,“ segir Sigursteinn.

Þótt Sigursteinn segist reyndar ekki líta á starf sitt sem köllun er hann ánægður með stöðu sína: „Ég er mjög ánægður með að hafa fengið þennan sjúkdóm. Hann hefur veitt mér innsýn inn í heim sem ég hefði að öðrum kosti aldrei þekkt. Hann hefur líka styrkt mig persónulega mjög mikið. Ég gæti ekki hugsað mér líf mitt án hans.“

Sigursteinn Másson, fyrrverandi fréttamaður, er formaður Geðhjálpar. Hann er fæddur og uppalinn í Reykjavík þann 11. ágúst 1967. Hann varð stúdent frá MH og tók framhaldsmenntun í FJEE í París. Hann stundar nú nám í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands.